

NIÐURSTAÐA SAMRÁÐS

um stefnu Fjarskiptastofu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits með net- og upplýsingaöryggi

Apríl 2025



1. Almennt

Þann 20. febrúar 2025 efndi Fjarskiptastofa til opins og almenns samráðs við hagsmunaaðila um stefnu Fjarskiptastofu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits með net- og upplýsingaöryggi. Í stefnuskjalinu setur Fjarskiptastofa fram sýn sína á eftirliti með net- og upplýsingaöryggi stafrænna grunnvirkja, veitenda stafrænnar þjónustu og fjarskiptafyrirtækja. Í upphafi skjalsins er farið yfir stefnuna og því næst er almenn umfjöllun um net- og upplýsingaöryggi og þá löggjöf sem stefnan nær til, þ.e. annars vegar tiltekin ákvæði laga um fjarskipti nr. 70/2022 og hins vegar ákvæða laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019 (netöryggislaga) er varðar rekstraraðila stafrænna grunnvirkja og veitendur stafrænnar þjónustu.

Þá er í stefnunni sett fram markmið eftirlitsins en meginmarkmið þess er að stuðla að auknu öryggi og viðnámsþrótti í net- og upplýsingakerfum fjarskiptafyrirtækja er reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu, rekstraraðila stafrænna grunnvirkja og hjá veitendum stafrænnar þjónustu gagnvart net- og upplýsingaöryggisógnum. Markmið Fjarskiptastofu er að í lok árs 2027 verði öryggisskipulag, áhættustýring og viðbúnaður aðila í samræmi við alþjóðleg bestu viðmið um framkvæmd á þessu sviði. Hér er fyrst og fremst horft til aðila er lúta fyrirbyggjandi eftirliti stofnunarinnar. Í stefnunni er umfjöllun um högun eftirlits og aðferðafræði, bæði almennt og sértækt. Almennt eftirlit stofnunarinnar nær til sjálfsmata fyrirtækja, úttekta og prófana og eftirfylgni með bindandi fyrirmælum. Til sértæks eftirlits teljast áhættumat fjarskiptainnviða, sértækt áhættumat, rannsóknir og kortlagning á öryggi útvistunar og birgjakæðju 5G neta.

Umsagnir bárust frá þremur aðilum, þ.e. Ljósleiðaranum ehf. (hér eftir Ljósleiðarinn), Nova hf. (hér eftir Nova) og Símanum hf. (hér eftir Síminn).

2. Helstu niðurstöður samráðs

Meðal þess sem umsagnaðilar benda á er að stofnunin skuli við framkvæmd eftirlits taka tillit til þess að fyrirtæki hafi hlotið ISO 27001 vottun. Fjarskiptastofa vill bregðast við þessari ábendingu aðila með breyttri framsetningu í umfjöllun í kafla 5.1 í stefnunni, en þar kemur m.a. fram að við forgangsröðun áhættumiðaðs eftirlits er m.a. tekið mið af ISO 27001 vottun.

Þá var ábending um að einkunnaskali úttekta Fjarskiptastofu beri þess merki að vera formfastur og gefi lítið svigrúm. Við yfirferð mat Fjarskiptastofa svo að skýra mætti verklag stofnunarinnar enn frekar og var því einkunnaskalinn uppfærður með það að leiðarljós að auka skýrleika og gagnsæi í mati stofnunarinnar á hlítni.

Þá var óskað eftir því að Fjarskiptastofa setti formlegar reglur um framkvæmd eftirlits til að auka skýrleika, jafnræði og gagnsæi málsmeðferðar stofnunarinnar. Fjarskiptastofa tekur undir með aðilum að mikilvægt sé að huga að skýrleika, jafnræði og gagnsæi í málmeðferð. Úgáfa stefnu sem þessar er liður í því.

Þá var Fjarskiptastofu bent á að ekki sé tímabært að gefa út stefnu þar sem fyrirhuguð er innleiðing á nýju regluverki Evrópusambandsins á sviði netöryggis, þ.e. NIS2 tilskipunar. Þá var einnig lagt til að lengja ætti gildistíma stefnunnar í 5-10 ár. Fjarskiptastofa telur nauðsynlegt að uppfæra eftirlitsstefnu sína að lágmarki á þriggja ára fresti til að gæta að og viðhafa gagnsæi á eftirlit stofnunnar.



Pá barst stofnuninni ábending um tilgreina í stefnu eða verklagsreglu að viðhaft sé reglulegt samráð við hagsmunaaðila. Fjarskiptastofa leitast til að vera í góðu samstarfi við aðila og verða við beiðni aðila um samtal þegar óskað er eftir því.

Niðurstaða Fjarskiptastofu eftir yfirferð á innsendum athugasemdum aðila var sú að ekki er tilefni til efnislegra breytinga á stefnunni en framsetningu og orðalagi var breytt á völdum stöðum til að bæta skýrleika og gagnsæi stefnunnar.

3. Umsagnir aðila

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum hagsmunaaðila sem stofnunin telur tilefni til að fjalla sértaklega um eða tjá afstöðu sína til. Atriði sem fram koma í umsögnum aðila að öðru leyti geta þó haft þýðingu, þótt ekki sé fjallað sérstaklega um þau í niðurstöðuskjali þessi.

3.1. Forgangsröðun eftirlits tekur mið af ISO 27001 vottun

Í tveimur umsögnum var komið inná ágæti ISO 27001 vottunar. En með ISO 27001 vottun er átt við vottun á fylgni við evrópska staðalinn ÍST EN ISO/IEC 27001:2023/AC Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi (Information security, cybersecurity and privacy protection - Information security management systems - Requirements).

Ljósleiðarinn

Ljósleiðarinn telur að taka megji betur mið af sjálfsmatsúttektum í stefnu Fjarskiptastofu og sér jafnframt tilefni og tækifæri til einföldunar á fyrirkomulagi þeirra í því augamiði að ná fram áhættumiðuðu verklagi og aukinni hagkvæmni. Treysta megji því að fyrirliggjandi vottanir fjarskiptafyrirtækja sem grundvallast á úttektum þar til bærri úttektaraðila séu fullnægjandi, t.d. ISO 270001, og að því sé óþarft að endurmeta og endurtaka yfirferð þeirra atriða sem þegar hafa verið tekin út og metin fullnægjandi af viðkomandi úttektaraðila. Hagkvæmast væri að beina meginþunga eftirlits og úttekta að atriðum þeim sem ekki er tekið á í öðrum úttektum. Þannig megji ná fram áhættumiðuðu eftirliti og taka betur til skoðunar þau atriði sem sæta minna eftirliti en eru þó lykilatriði m.t.t. net- og upplýsingaöryggis fjarskiptaneta.

Síminn

Að mati Símans kemur fram að nauðsynlegt sé að stefna af þessum toga, og þar með eftirlit stofnunarinnar, taki í mun meira mæla af því hvort hlutaðeigandi félag sé með alþjóðlega viðurkennda vottun sem gefur til kynna ákveðnar forsendur í rekstri og upplýsingaöryggi hjá félaginu. Hér er einkum átt við ISO-27001 vottun fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Félag getur hæglega sýnt fram á útgáfu slíkrar vottunar og/eða gögn sem sýna fram á hvernig félagið rekur stjórnkerfi til að tryggja upplýsingaöryggi í sinni starfsemi. Sem dæmi hefur Síminn verið með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis, ISO-27001, í rúmlega tíu ár og fór nýlega í gegnum ferli til að uppfæra vottun sína miðað við nýjustu útgáfu staðalsins (ISO-27001:2022). Mikill tími og kostnaður fer í að öðlast, viðhalda og fylgja slíkri vottun. Meðal annars fylgir þessu að fram fari reglubundið innra eftirlit hjá félaginu og að framkvæmdar séu reglulegar úttektir af hálfu innri endurskoðunar og jafnvel prófunaraðila. Þá kemur úttektaraðili á vegum BSI til félagsins til að framkvæma ISO-úttekt til að meta hvort unnt sé að gefa út/endurútgæfa vottun fyrir félagið. Miðað við þau atriði sem stofnunin hyggst í megindráttum áhættumeta og hafa eftirlit með samkvæmt drögunum má álykta að þau séu að miklu leyti hin sömu og falla undir stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá félaginu, n.t.t. ISO-vottun félagsins. Félagið telur að vottun af þessum toga verði að hafa meira vægi hjá stofnuninni



þegar kemur að tíðni og/eða umfang eftirlitsúrræða hverju sinni. Verði svo ekki gert með skýrum hætti gæti verið litið svo á að félög sem hafa ekki vottun af sambærilegum toga í sinni starfsemi séu lögð að jöfnu við félag með vottun, þegar kemur að tíðni og umfang eftirlitsaðgerða stofnunarinnar. Slík stjórnsýsla myndi ekki að mat Símans standast meðalhófssjónarmið auk þess sem það myndi vekja spurningar um vægi vottunarinnar yfir höfuð ef hún hefði ekki þýðingu gagnvart stofnuninni ef enginn munur er gerður á aðilum með eða án vottunar.

Afstaða Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa bendir á að vottun skv. ISO 27001 getur ekki talist vera ígildi þess að aðili sé með fulla hlítu við lágmarkskröfur framangreindra laga. Aftur á móti eru það áreiðanlegar upplýsingar um að viðkomandi aðili hafi byggt upp stjórnkerfi net- og upplýsingaöryggis og þá líklega með einhverjum þeim öryggisráðstöfunum sem lögin og afleiddar réttarheimildir gera kröfu um. Almennt þá skilar slík vottun sér í ásættanlegri niðurstöðu sálfsmats aðila sem að stofnunin framkvæmir og er grundvöllur inn í áhættumiðað eftirlit stofnunarinnar. Þannig skilar slík vottun sér í raun með nokkuð beinum hætt inn í áhættumiðað eftirlit hennar. Aftur á móti er ljóst að það þarf að horfa til fleirri sjónarmiða hvað þetta varðar, t.a.m. hvert er umfang vottunarinnar miðað við þau net- og upplýsingakerfi sem falla innan gildissvið laganna, sem og stærðar aðila og mikilvægi hans m.t.t. veitingu annarrar mikilvægrar þjónustu hér á landi.

Í þeim drögum stefnunnar sem samráðið náði til er til umfjöllunar hvað stofnunin tekur mið af við forgangsröðun áhættumiðaðs eftirlits og er þar m.a. tilgreint ISO 27001 vottun. Umsagnir Símans og Ljósleiðarans benda til að sú skerpa þurfi á þessu. Fjarskiptastofa mun því bæta framsetningu í útgefni stefnu með eftirfarandi hætti:

Forgangsröðun áhættumiðaðs eftirlits Fjarskiptastofu tekur mið af eftirfarandi atriðum;

- niðurstöðum fyrri úttekta og prófana Fjarskiptastofu,
- niðurstöðum sjálfsmats fyrirtækja,
- atvikum sem upp hafa komið,
- breytingum í umhverfi fyrirtækisins,
- ISO 27001 vottun,
- niðurstöðum ytri úttekta og
- niðurstöðu áhættumata.

3.2. Einkunnaskali úttekta

Fjarskiptastofu barst ein ábending er varðar einkunnaskala sem stofnunin notar við mat sitt á hlítu við lágmarkskröfur.

Í drögum að eftirlitstefnunni er matsaðferð og einkunnagjöf í úttektum lýst. Aðferðafræði stofnunarinnar er með þeim hætti að hver skoðunarliður í úttekt, t.d. *öryggisstefna*, er skipt í nokkra eftirlitsþætti, t.d. *öryggisstefna er yfirfarin og samþykkt með formlegum hætti af stjórnendum* og þar á eftir er viðmið og er fylgni við hvert viðmið metin með einkunnagjöf á bilinu 0-3. Í þeim tilfellum sem niðurstaða eftirlitsþáttar er lægri en 3 fær viðkomandi fyrirtæki bindandi fyrirmæli. Einkunn 2 (2,00-2,99) þýðir minniháttar frávik, einkunn 1 (1,00-1,99) er frávik og einkunn (0,00-0,99) þýðir alvarleg frávik.



Ljósleiðarinn

Ljósleiðarinn bendir á að einkunnaskalinn sem settur er fram í drögum Fjarskiptastofu ber með sér mjög víð einkunnabil sem leiðir til þess að breitt bil frávíka rúmast innan sömu einkunnar, en stefnan kveður þó á um að meðhöndla skuli þau frávik með sama hætti. Samkvæmt skalenum skal niðurstaða sem inniheldur allra minnstu frávik, s.s. 0,01 stig gefa tilefni til þess að Fjarskiptastofa beiti bindandi fyrirmælum, fremur en leiðbeiningum eða öðrum vægari kosti. Þykir Ljósleiðaranum skalinn bera þess merki að vera formfastur og gefa lítið svigrúm til atvikabundins mats úttektaraðila til viðbragða við frávikum á grundvelli eðlis, alvarleika og fjölda frávíka.

Afstaða Fjarskiptastofu

Í þessu samhengi er vert að minnast á skyldur Fjarskiptastofu, sbr. 3. mgr. 79. gr. fjarskiptalaga og 5. mgr. 12. gr. netöryggislaganna. Þar er tilgreint að ef stofnunin metur sem svo að eftirlitsskyldur aðili uppfylli ekki kröfur laganna þá skal stofnunin krefjast þess að úr verði bætt innan hæfilegs frests.

Eftir yfirferð á umsögn Ljósleiðarans er það mat Fjarskiptastofu að skýra mætti skjalfesta aðferðafræði stofnunarinnar með þeim hætti að hún endurspegli betur umrætt verklag stofnunarinnar. Því var ákveðið að uppfæra einkunnaskalan með það að leiðarljós til að auka skýrleika og gagnsæi í mati stofnunarinnar á hlítni. Stefnan hefur því verið uppfærð með einföldun á einkunnaskalanum að leiðarljósi og með þeim hætti að einkunnabilin verði eftirfarandi:

- Einkunn 3 (3,0) Ekkert frávik
- Einkunn 2 (2,0-2,9) Minniháttar frávik
- Einkunn 1 (1,0-1,9) Frávik
- Einkunn 0 (0,0-0,9) Alvarlegt frávik

3.3. Formlegar reglur um framkvæmd eftirlits

Fjarskiptastofu barst ein ábending þess efnis að stofnunin ætti að setja sér formlegar reglur um framkvæmd eftirlits.

Ljósleiðarinn

Ljósleiðarinn telur að tilefni sé til þess að Fjarskiptastofa setji formlegar reglur um framkvæmd eftirlits. Reglusetning væri til þess fallin að auka á skýrleika, jafnræði og gagnsæi málsmeðferðar þegar stofnunin beitir eftirlitsheimildum sínum, sérlega þegar til greina kemur að taka íþyngjandi ákvarðanir. Reglur um málsmeðferð hjá Póst- og fjarskiptastofnun nr. 710/2020 taka á mjög afmörkuðum hluta starfssviðs Fjarskiptastofu, sambærilegar reglur varðandi eftirlitshlutverk Fjarskiptastofu myndi mynda grunn að skýrri málsmeðferð, málsaðilum og Fjarskiptastofu til hæggðarauka. Sjá má fyrirmyndir að slíkum reglum sem gefið hafa góða raun hjá m.a. Samkeppniseftirlitinu og Persónuvernd.

Afstaða Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa tekur undir að mikilvægt sé að huga að skýrleika, jafnræði og gagnsæi málsmeðferðar. Að mati stofnunarinnar útgáfa stefnunar nægjanleg til að gefa greinagóða mynd af framkvæmd eftirlits. Við framkvæmd úttekta fá aðilar ítarlegar leiðbeiningar og upplýsingar um



aðferðafræði úttektarinnar og gefst m.a. kostur á að koma með athugasemdir áður en úttekt hefst. Af þeim sökum telur Fjarskiptastofa ekki þörf á formlegum reglum hvað þetta varðar. Þess ber að geta að stofnunin vinnur jafnframt eftir innra gæðakerfi sem nær til framkvæmdar eftirlits með net-og upplýsingaöryggi. Þá tekur stofnunin mið af framangreindum málsmeðferðarreglum stofnunarinnar í framkvæmd eftirlits eftir því sem við á.

3.4. Gildistími stefnunnar

Fjarskiptastofu barst ábending þess efnis að tímalengd stefnunar væri of stutt.

Síminn

Síminn leggur til að stefna af þessum toga ætti að miða við lengri tímaramma en drögin geri, sér í lagi í tengslum við reglubundnu ex ante eftirlitsaðgerðir. Að lágmarki ætti stefna af þessum toga að hafa u.þ.b. fimm til tíu ára gildistíma, í stað rúmlega tveggja ára eins og nú er lagt upp með. Að því sögðu væri þó vitanlega skiljanlegt ef slík stefna væri háð ákveðnum fyrirvörum, svo sem ef stofnunin myndi á tímabilinu telja þörf á að grípa til eftirlitsaðgerða oftar en stefna kveður á um ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna alvarlegs öryggisatviks í starfsemi félagsins eða ef utanaðkomandi aðstæður stefna öryggi fjarskiptaneta/- þjónustu eða rekstrarumhverfi hlutaðeigandi félaga í hættu. Þannig þyrfti stofnunin að sýna fram að nauðsyn og mikilvægi þess að ráðast í umfangsmeiri eftirlitsaðgerðir en stefnan gerir almennt ráð fyrir. Félagið getur ekki séð af hverju slík útfærsla ætti ekki að vera tæk af hálfu stofnunarinnar.

Afstaða Fjarskiptastofu

Við lifum á tímum mikilla tækniframfara sem felur í sér örar og miklar breytingar á stafrænni tækni. Fjarskiptastofa telur því mikilvægt að eftirlit stofnunarinnar taki mið af þessu umhverfi og að eðlilegt sé að endurmeta að lágmarki á þriggja ára fresti umrædda stefnu. Við gerð stefnunnar um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits var lagt upp með að gildistími hennar væri þrjú ár eða 2025-2027. Við yfirferð á ábendingu Símans kom í ljós að tækifæri er til að skýra frekar að gildistími stefnunnar er í raun ótímabundinn en brýnt sé að hún sé endurskoðuð að lágmarki á þriggja ára fresti. Felur það í sér að hún verði endurmetin, uppfærð og gefin aftur út, því er gildistími stefnunnar óbeint þrjú ár.

3.5. Samráð og virk þátttaka hagsmunaaðila

Í eftirlitstefnunni er komið inná mikilvægi góðs samtarfs við eftirlitskylda aðila enda telur stofnunin að framkvæmd eftirlits með þeim hætti sé farsælast til þess að ná sameiginlegum markmiðum aðila, þ.e. að tryggja öryggi og virkni þeirrar efnahags- og samfélagslegu mikilvægu þjónustu sem viðkomandi fyrirtæki veitir.

Nova

Nova fagnar áherslunni á samvinnu og leiðbeiningar og telur mikilvægt að stofnunin eigi reglulegt samráð við eftirlitsskylda aðila um þróun matsviðmiða og verklags. Sérstaklega er brýnt að tryggja gagnvirkt samtal þegar gerðar eru breytingar á framkvæmd eða áherslum í eftirliti. Nova leggur til að slíkur samtalsvettvangur verði skilgreindur í stefnu eða verklagsreglum Fjarskiptastofu



Afstaða Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa leitast við að vera í góðu samstarfi við aðila og verða við beiðni aðila um samtal þegar óskað er eftir því. Að því sögðu þá leggur Fjarskiptastofa sig fram að upplýsa og óska eftir umsögnum eftirlitskyldra aðila þegar verulegar breytingar eru á stefnumörkun eftirlits eða aðferðafræði þess, þar með talið er að viðhafa opið samráð um stefnu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

3.6. Nánari skilgreining á „stærstu“ fjarskiptafyrirtækjum

Í stefnunin er tilgreint hvernig formföstu eftirliti með stærstu fjarskiptafyrirtækjum á markaði er háttað. Fjarskiptastofu barst ábending hvað það varðar.

Nova

Í tengslum við sjálfsmat og úttektir (kafli 5.2 og 5.3) telur Nova að gagnlegt væri að setja fram skýrari viðmið um hver teljist vera „stærstu“ fjarskiptafyrirtæki, t.d. út frá markaðshlutdeild, umfangi þjónustu eða mikilvægi fyrir fjarskiptainnviði landsins. Skýrari skilgreining stuðlar að gagnsæi og jafnræði.

Afstaða Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa tekur undir með Nova að það mundi auka gagnsæi að skýrara verði hvaða aðilar væru stærstir hverju sinni en ekki að svo stöddu liggur ekki fyrir formleg skilgreining á því. Að því sögðu er eftirlit stofnunnarinnar áhættumiðað og þar er tekið tillit til mikilvægi aðila, þ.m.t. markaðshlutdeild og umfang þjónustu. Eins er mikilvægt að benda á að stofnunin hefur þegar framkvæmt heildstætt áhættumat á mikilvægustu fjarskiptainnviðum hér á landi sem náði til átta félaga. Þá var sjálfsmat framkvæmt á átta félögum sem og sértækt áhættumat með öðrum átta félögum. Ekki var alltaf um sömu aðili að ræða og leggur Fjarskiptastofa mat á það hverju sinni m.t.t. umfangs og markmið verkefna.

3.7. Frestun stefnu

Fjarskiptastofu barst ábending þess efnis að tímasetning þessarar stefnu væri óheppileg.

Síminn

Síminn leggur til að teknu tilliti til þeirra markmiða sem drögin fjalla um, lögbundins hlutverk Fjarskiptastofu, og þeirra umfangsmiklu breytinga sem væntanlegar eru á netöryggisregluverki að innleiðing og útfærsla stefnu af þessum toga verði frestað þar til NIS2-regluverkið hefur verið innleitt hér á landi.

Afstaða Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa bendir á að það er gildi regluverk er varðar öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða sem og öryggi almennra fjarskiptaneta og almennrar fjarskiptaþjónustu sem stofnuninni ber að framfylgja óháð þeirri Evrópulöggjöf sem ekki verið innleidd í íslenskan rétt.



Nú þegar eru í gildi tvær stefnur Fjarskiptastofu er varða eftirlit með net- og upplýsingaöryggi, annars vegar stefna frá mars 2020 um um öryggi og virkni fjarskiptainnviða og hins vegar stefna um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits með rekstraraðilum stafrænna grunnvirkja sem er frá október 2021. Að mati stofnunarinnar er æskilegt nú, árið 2025 að uppfæra stefnunarinnar. Bæði hefur stofnunin nú lokið framkvæmd á veigamestu atriðum þessara beggja stefna sem og að eðlilegt er að eiga samráð við markaðsaðila um áframhaldandi framkvæmd eftirlits. Þess ber að geta að stofnunin er undir skyldu skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 866/2020 um að setja sér stefnu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Fjarskiptastofa telur því nauðsynlegt að uppfæra reglulega stefnu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits til að fylgja áður nefndu ákvæði reglugerðar og stuðla að skýrleika og gagnsæi í eftirlit stofnunar. Komi til þess að ný löggjöf verði sett hvað varðar lágmarkskröfur netöryggis sem hefur áhrif á gildissvið þessarar stefnu, t.a.m. með innleiðingu NIS2 tilskipunar í íslensk lög, mun eðlilega koma til endurskoðunar á stefnu þessari.

3.8. Frestun eftirlitsaðgerða

Þá barst stofnunni tillaga um gera ráð fyrir beiðnum frá eftirlitskyldum aðila um frestun eða undanþágu eftirlitsaðgerða.

Síminn

Síminn telur mikilvægt að stofnunin geri ráð fyrir að félag þurfi að óska eftir undanþágu eða frestun ex ante eftirlitsaðgerða ef aðstæður og/eða verkefnalag hjá félaginu er þess eðlis að það væri talið áhættusamt og/eða illframkvæmanlegt að verða við gagnabeiðni, úttektum eða prófunum af hálfu stofnunarinnar á því tímamarki.

Afstaða Fjarskiptastofu

Meginmarkmið eftirlits Fjarskiptastofu er það stuðla að auknu öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa fjarskiptafyrirtækja, stafrænna grunnvirkja og veitenda stafrænnar þjónustu gagnvart net- og upplýsingaöryggisógnum. Þegar fyrirtæki sýna fram á að unnið sé að umbótum s.s. þegar um er að ræða úttekt BSI þá er ljóst að um er að ræða aðgerð til að bæta net- og upplýsingaöryggi þá er viðkomandi aðila. Því hefur stofnunin ávallt veitt svigrúm hvað það varðar og eftirlitsaðgerðum stofnunar frestað þar til slíkri úttekt er lokið. Þá leitast stofnunin við að dreifa eftirlitsaðgerðum með þeim hætti að ekki séu mörg verkefni í gangi í einu hjá hverjum aðila á sama tíma. Það getur þó komið til þess að fleiri en eitt eftirlitsverkefni sé í gangi hjá aðila, enda hefur stofnunin ekki fullt forræði t.a.m. á því hvenær upp koma atvik sem fylgja þarf eftir af hálfu stofnunarinnar.

3.9. Orðalag tengt farnetum og 5G

Fjarskiptastofu barst tillaga hvað varðar orðalag í eftirlitsverkefni stofnunarinnar með öryggi útvistunar og birgjakeðju 5G neta.

Nova

Í kafla 6.6 þar sem fjallað er um öryggi útvistunar og birgjakeðju 5G neta, teljum við æskilegt að orðalagið sé víkkað til að ná til farneta almennt. Með því móti verður textinn framtíðarfær og nær



einnig til annarra tegunda farneta, svo sem 4G, framtíðarneta (t.d. 6G) eða hybridlausna. Tillaga að breytingu væri að nota hugtakið „farnet, þar með talið 5G“ í stað eingöngu „5G neta“ þar sem við á. Ljóst er að ENISA og evrópustofnanir vísa t.d. til verkfærakistuna „5G toolbox“ en að mati Nova getur þetta orðalag til lengri tíma verið misskilið og þjónar ekki til gangi.

Afstaða Fjarskiptastofu

Niðurstaða yfirferðar Fjarskiptastofu á tillögu Nova var að hún er réttmæt og hefur umfjöllun í stefnunni verið uppfærð þar sem við á.

4. Lokorð

Fjarskiptstofa lítur svo á að samráð með stefnuna hafi verið farsælt og til þess fallið að auka gæði hennar. Það er mikilvægt fyrir stofnunina að fá ábendingar eftirlitskyldra aðila sem og tillögur þeirra til að styðja við bætt verklag. Stofnunni bárust fjölbreyttar tillögur og voru gerðar breytingar á stefnunni þar sem þörf var á. Stofnunin þakkar þeim aðilum sem sáu sér fært um að skila inn athugasemdum.